

Nr. 092/14 Green Austevoll**Ásigling á bryggju**

Skipaskr.nr. IMO nr. 8819299
Smíðaður: Ulstenvik Noregi 1991 st
Stærð: 6000 dwt 5084 bt.
Mesta lengd: 109 m Skráð lengd: m
Breidd: 18 m djúpr.: 5,7m
Vél: Wärtsillä 12V32
Fjöldi skipverja:



Green Austevoll©NN

Gögn:
Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. október 2014 var frystiflutningaskipið Green Austevoll að koma til hafnar á Þórshöfn. Veður: SSV 8-9 m/sek.

Þegar verið var að leggja skipinu að bryggju lenti perustefni þess í stálþilinu með þeim afleiðingum að það gekk inn og steypur bryggjukanturinn brotnaði (sjá mynd).



Ekki urðu neinar skemmdir á skipinu.

Við rannsókn kom fram:

- að fulltrúi hafnarinnar var um borð en hann kvaðst ekki hafa komið að stjórn skipsins enda hefði hann engin lóðsréttindi. Hann kvaðst aðeins hafa verið til að annast samskipti milli skips og hafnar auk þess að segja til hvar ætti að leggja skipinu. Hann hafi gert skipstjóranum þetta ljóst á öllum stigum;
- að samkvæmt skýrslu skipstjóra taldi hann sig hafa fengið hafnsögumann um borð í skipið með komu fulltrúa hafnarinnar;
- að samkvæmt skýrslu skipstjóra var skipið á 1,5-2,0 hnúta ferð og veðurhæð suðlæg 18-19 hnútar þegar skipið var að fara inn í höfnina. Þegar komið var inn í höfnina var aðalvélin sett á afturá til að stöðva ferð

skipsins. Kom þá vindhviða um 22-25 hnútar sem orsakaði það að skipið varð stjórnlaust og þrátt fyrir að bógskrúfu skipsins væri beitt af fullu afli lenti stefnið í bryggjunni.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að skipstjóri missti stjórn á skipinu við þröngar aðstæður.